

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 4. maí 2015

Umsögn Orkubús Vestfjarða ohf. um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (full niðurgreiðsla vegna flutnings og dreifingar), 698. mál.

Af hálfu Orkubús Vestfjarða bent á að á svonefndum „köldum svæðum“, þar sem ódýrasti valkostur til hitunar er rafmagn, hefur íbúum fækkað jafnt og þétt. Þessi svæði standast illa samkeppni við aðra landshluta hvort sem horft er til fólks eða fyrirtækja.

Einn þátturinn í því að gera þessi „köldu svæði“ samkeppnishæfari er að jafna húshitunarkostnað enn frekar en nú er gert. Verði ekkert að gert er þess ekki langt að bíða að heilu byggðarlögin fari í eyði á þessum svæðum.

Verði þetta frumvarp samþykkt er það til mikilla bóta fyrir þann litla hluta þjóðarinnar sem ekki nýtur þess að hafa aðgang að jarðhitauðlindinni.

Bent er á að enn njóta fyrirtæki og stofnanir á „köldum svæðum“ engrar jöfnunar á húshitunarkostnaði. Að mati Orkubús Vestfjarða er einnig full þörf á að jafna húshitunarkostnað þessara aðila.

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er lagt til að frumvarpið verði samþykkt. Samþykkt þess mun verða til verulegra hagsbóta fyrir heimili á veitusvæði Orkubús Vestfjarða.

Virðingarfyllt
Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða ohf

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri